

**Ed.**

**325. Framhaldsnefndarátt**

um frv. til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Það er kunnugt orðið, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir eigi enn tekist að fá samþykta húsnæðisreglugerð þá, sem um ræðir í álitni nefndarinnar um frv. þetta, dags. 20. f. m. Þannig hefir í öðru sinni mistekist fyrir bæjarstjórninni að færa sjer nyt í framkvæmd heimild þá, sem henni, eftir beiðni hennar sjálfrar, var veitt með lögum nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík. Nefndinni þykir mál til komið, að bæjarstjórnin geri annað tveggja að nota heimildina eða ekki, og sýnist tveggja ára tími eiga að nægja fyrir hana til að átta sig á því. Þvi ber nefndin fram frv. um að fella heimildina úr gildi, ef hún er enn ónotuð í lok júní þ. á. Hin eldri húsaleigulög telur nefndin ekki eiga lengur við að öllu, og leggur því til að þau verði úr gildi feld, en þó eigi fyr en 30. júní 1924, svo að nokkur frestur veitist til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir sakir þess að höft þau falli burtu, er lögð hafa verið á húseignir vegna ófriðarins og afleiðinga hans. Verði umgetin reglugerð sett innan 30. júní þ. á., þá falla burtu jafnframt hin eldri húsaleigulög.

Þegar af þeirri ástæðu, að nefndin telur bæjarstjórnina eiga að skipa húsnæðismálinu, ef höft þarf að setja, hefir hún ekki getað fallist á hið upphaflega frv. Auk þess telur hún hundraðstölu þá, sem frv. setur hámarki húsaleigu, í mörgum tilfellum alt of lága. Verður hún að telja, að mat sje það eina, sem tiltækilegt sje að fyrirskipa til þess að hafa hemil á húsaleigu, og að með þeim einum hætti sje unt að taka til greina öll atvik, sem þarf til þess að halla á hvorugan, húseiganda eða leigjanda. Nefndin verður því að ráða háttv. deild frá að samþykkja hið upphaflega frumvarp.

Dagskrártillaga nefndarinnar á ekki lengur við.

Alþingi, 11. apríl 1923.

Jón Magnússon,  
form. og frsm.

Guðm. Guðfinnsson,  
fundaskrifari.

S. H. Kvaran.